

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnkostnaður þeirra skólamannvirkja, sem samþykkt hafa verið, áður en reglur (norm) byggingadeildar verða staðfestar, skal skiptast milli ríkis og sveitarfélaga og greiðast eftir sömu reglum og giltu samkvæmt lögum nr. 41/1955.

Gjört i Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

22. apríl 1967.

Nr. 50.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 30. desember 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 5. málslíð 1. málsgreinar 15. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í ríkisþjónustu í 15 ár eða lengur, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.